

Reykjavík, 5. júní 2026

Efni: Íþróttavika Evrópu 2026

Sent á: Sveitarfélög

Ágæti viðtakandi,

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) er haldin ár hvert dagana 23.–30. september í yfir 40 Evrópulöndum. Markmið verkefnisins er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu og sporna gegn auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Íþróttavikan er ætluð öllum, óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Lögð er sérstök áhersla á að virkja grasrótina og hvetja fólk til að hreyfa sig meira í daglegu lífi. Evrópubúar sameinast undir slagorðinu **#BeActive**.

Líkt og undanfarin ár verður lögð áhersla á að hvetja landsmenn til þátttöku með því að bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega íþrótt- og hreyfidagskrá dagana 23.–30. september og taka þannig þátt í Íþróttaviku Evrópu 2026.

Hjá mörgum hefur Íþróttavikan fest sig í sessi sem árviss viðburður.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) hefur hlotið styrk í gegnum European Commission - Erasmus+ styrkjakerfið vegna Íþróttaviku Evrópu.

Hjá mörgum hefur Íþróttavikan fest sig í sessi sem árviss viðburður og [hér](#) má sjá viðburði sem voru í boði 2025.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir og hægt er að sækja um fjárstyrk til ÍSí fyrir framkvæmd viðburða í Íþróttavikunni gegnum þennan link: <https://forms.gle/vW7VrfByKTW7aFhY6>

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 21. ágúst.

Umsóknir sem berast eftir þann tíma gætu átt á hættu að vera synjað.

Umsókninni þarf að fylgja:

- drög að dagskrá í Íþróttavikunni
- fjárhagsáætlun

Þar sem um takmarkað fjármagn er að ræða verða þær umsóknir sem bjóða upp á fjölbreytta dagskrá með einhvers konar hreyfingu settar í forgang

Með því að leggja áherslu á að hreyfing sé höfð í fyrirrúmi í dagskránni, þá viljum við draga úr líkum á að dagskráin innihaldi einungis fyrirlestra, þó slíkt sé vissulega velkomið sem hluti af heildstæðri dagskrá sem einnig inniheldur hreyfingu.

Viðburðir þurfa helst að vera dagana 23. – 30. September, og ekki dragast fram yfir þessa dagsetningu.

Það er þó rými að byrja einhverja daga fyrir.

Athugið að hámarksstyrkur fyrir sveitarfélag er 500.000 krónur og er hann greiddur eftir á, þegar búið er að skila inn afriti af reikningum.

Til að nýta styrkinn sem best er tilvalið að sveitarfélag, íþróttahérað í samstarfi við íþróttafélög og framhaldsskólar sækir um styrk og setji upp viðburði í samstarfi við hvort annað. Sveitarfélög og íþróttahéruð fá mest 500.000 og framhaldsskólar 300.000.

Á síðasta ári útbjó ÍSí sniðmát (template) í Canva fyrir markaðsefni sem verður einnig í boði í ár.

Mikilvægt er að markaðsefni sé unnið í samræmi við leiðbeiningar og innihaldi þau lógó sem skylt er að nota. Canva linkur verður sendur til umsóknaraðila styrks (ábyrgðaraðila) þegar umsókn hefur verið móttækin.

Allar frekari upplýsingar veitir starfsfólk Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSí.

Vinsamlegast hafið samband í gegnum netfangið beactive@isi.is ef einhverjar spurningar vakna.

Hlökkum til að heyra frá ykkur,
starfsfólk Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSí